

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Ísafjörður, 20. febrúar 2015
2015020032

Efni: Umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar vegna 455. máls

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á 357. fundi sínum 19. febrúar sl. eftirfarandi umsögn um frumvarp að lögum um náttúrupassa, 455. mál, umsögnin tilkynnist hér með:

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tekur undir þau sjónarmið heilshugar að tryggja þurfi fjármagn til verndunar og uppbyggingar ferðamannastaða á Íslandi en lýsir yfir efasemdum um að upptaka náttúrupassa sé besta leiðin til þess.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar vill benda á nauðsyn þess að skýrt sé hvernig þeim fjármunum sem eiga að skila sér til uppbyggingar á ferðamannastöðum um land allt verði úthlutað. Framkvæmd gjaldtöku þarf að vera skýr og ljóst sé hvernig eftirliti á að vera háttáð.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Ferðamálastofa annist innheimtu gjalda, kynningu og markaðssetningu á passanum en fái ekki meira en sem nemur 3,5% af heildartekjum náttúrupassans. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar vill benda á að nauðsynlegt er að eftirlit með þessari löggjöf verði tryggt þar sem skortur á eftirliti er líklegur til að veikja trú á því að löggjöfin muni skila áætluðum tekjum til uppbyggingar ferðamannastaða. Því þarf að tryggja að nægt fjármagn fari í þá starfsemi sem þarf að fara fram til þess að svo verði, ef þessi leið verður farin.

Einnig þarf að tryggja að upplýsingaskylda til ferðamanna varðandi öryggi ferðamannastaða verði til staðar og bendir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar á að ekki sé tekið á því í þessu frumvarpi hver eigi að framfylgja því.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar bendir jafnframt á það misræmi sem gætir í frumvarpi Landsskipulagsáætlunar og frumvarpi um náttúrupassa. Ber þar helst að nefna 1. grein frumvarps um náttúrupassa þar sem áætlað er að tekjum af náttúrupassa skuli ráðstafað til undirbúnings framkvæmda og í framkvæmdir ferðamannastaða. En í 1 gr. landsskipulagsáætlunar er gert ráð fyrir því að rekstur ferðamannastaða sé einn þeirra kostnaðarliða sem fjármagnaðir verði með náttúrupassa.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæ hefur efasemdir um að lög um náttúrupassa samræmist lögum um almannarétt sem lýtur að frjálsri för um landið, en sá réttur á sér djúpar rætur í lögum og menningu Íslands, en þetta ákvæði má finna í Jónsbók. Náttúra landsins er sameign þjóðarinnar en almannarétturinn er trygging landsmanna fyrir að fá að njóta þessarar sameignar.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar telur æskilegt að fá frumvarpið aftur til umsagnar eftir meðferð þingnefnda þar sem margt er enn óljóst varðandi útfærslu frumvarpsins.“

Virðingarfyllt,

Þórdís Sif Sigurðardóttir
bæjarritari